

## Viðbragðsáætlun v. óveðurs

Röskun getur orðið á skólastarfi yfir vetrarmánuðina vegna óveðurs. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Þegar veður er vont leggja foreldrar/forráðamenn sjálfir mat á hvort fylgja þurfi börnum þeirra í skóla hvort sem að yfirvöld hafa sent frá sér tilkynningu eður ei. Ef foreldrar/forráðamenn meta svo að aðstæður séu þannig að ekki sé óhætt að senda börn í skóla sökum veðurs ber þeim að tilkynna það í skólann og er litið á slík tilvik sem eðlileg forföll.